

Alþingi
Erindi nr. P 131/189
komudagur 25.11.2004



Krabbameinsfélagið

Til Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara,
Nefndasviði Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

24. nóvember 2004


Krabbameinsfélag Íslands hefur fengið til umsagnar **Till. t. þált. um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísunum til rannsókna og lækninga**, 53. mál Alþingis.

Fyrir hönd Krabbameinsfélagsins styð ég eindregið að sú nefnd verði skipuð og úttekt gerð sem lagt er til í þessari þált. Mjög mikilvægt er að lifandi og virk umræða fari fram um notkun stofnfrumna og stefna mótuð af stjórnvöldum í þessum efnum. Slík stefnumótun þarf að vera grundvölluð á ítarlegri og upplýstri umræðu.

Ég vil gera örlitla breytingartillögu varðandi skipun nefndarinnar í ljósi þeirrar könnunar sem nýlega var gerð um viðhorf ýmissa stétta til málsins og sagt er frá í greinargerð. Þar voru allmargir lögfræðingar spurðir álits ásamt prestum og læknum. Ég vil því leggja til að einhver þeirra fulltrúa sem nefndina skipa verði lögfróður um þessi efni eða að fulltrúi lagadeildar Háskóla Íslands verði einnig skipaður.

Að öðru leyti vil ég leggja til að þessi þált. verði samþykkt.

Með vinsemd,


Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands